

*Húnafing vestra er víðfemt landbúnaðarhérað í alfaraleið, miðja vega milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hvammstangi er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar sveitarfélagsins alls eru tæplega 1.200. Sveitarfélagið stendur vel fjárhagslega og eru spennandi framkvæmdir á döfnni á kjörtímabilinu.*

*Í Húnafingi vestra er fjölskylduvænt samfélag með hátt þjónustustig og metnaðarfullt leik- og grunnskólastarf. Möguleikar til útivistar, íþróttaiðkunar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir í sveitarfélaginu.*

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is)

Nánari upplýsingar um starfið veita Gauja Hálfðanardóttir ([gauja@intellecta.is](mailto:gauja@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Farið verður með allar fyrirsurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

# Sveitarstjóri Húnafings vestra

Laus er til umsóknar staða sveitarstjóra í Húnafingi vestra. Við leitum að öflugum sveitarstjóra til að stýra starfsemi sveitarfélagsins og áframhaldandi uppbyggingu þess.

## Starfssvið

- Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með starfsemi sveitarfélagsins og sér um framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur
- Sveitarstjóri skipuleggur og undirbýr dagskrá funda, situr fundi sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda eftir atvikum
- Sveitarstjóri gætir hagsmuna sveitarfélagsins út á við, sér um kynningarmál og annast samskipti við stofnanir, fyrirtæki, samtök og fjölmiðla
- Sveitarstjóri er yfirmaður allra starfsmanna sveitarfélagsins, stýrir starfi framkvæmdaráðs og er stuðningur við starf sviðsstjóra
- Sveitarstjóri leiðir atvinnuuppbyggingu og eflingu atvinnulífs á svæðinu

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og samskiptum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, hvatningu, samskiptahæfni, örugga ákvarðanatöku og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að takast á við uppbyggingu sveitarfélagsins